

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um greiðslu 1. meðlags með óskilgetnu barni.— Í þóknanlegum brjefum, dagsettum 24. septbr. og 18. jan. 7. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, látið mjer í tje umsögn yðar um erinda hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandahreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dagsett 21. ágúst s. á., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 20. júlí s. á., er ákveður að nefndur hreppur, sem vistarhreppur Pjeturs nokkurs Þorlákssonar, föður óskilgetinnar dóttur Margrjetar Friðriksdóttur, Friðriku Þorláksínu, fæddrar 19. febr. 1882, skuli greiða fúlgu þá með nýnefndu barni, sem barnstöðurnum samkvæmt úrskurði amtsins, frá 3. apríl 1895, bar að greiða fyrir tímabilið frá 19. ágúst 1893 til 19. ágúst 1894, 40 kr., og sömuleiðis, ef krafa um það komi fram í tæka tíð, fúlguna frá 19. ágúst 1894 til 19. ágúst 1895. Fer hreppsnefndin í áðurnefndum hreppi fram á það, að umgetinn úrskurður yðar verði úr gildi felldur, að því er snertir fúlguna fyrir meðlagsárið 1893—94, vegna þess að barnsfadurinn hafi sjálfur greitt hana að miklu eða öllu leyti, og að því er snertir fúlguna fyrir síðara árið, sökum þess að hann eigi hafi átt lögheimili í Vatnsleysustrandahreppi, síðan hann hafi vikið þaðan vorið 1895, en fúlgan fyrir meðlagsárið 1894—95 hvorki verið fallinn í gjald-daga nje heimt fyrir þann tíma.

Málavextir eru þeir, að hreppsnefndin í Garðahreppi í áðurnefndri sýslu, sem um undanfarin ár hefir orðið að leggja með frammannefndu óskilgetnu barni, vegna þess að móðir þess, Margrjet Friðriksdóttir, eigi hefir verið einfær um að framfæra það, og barnsfadurinn lítið sem ekkert lagt fram af sinni hálfu, að minnsta kosti síðan 1890, hefir gjört kröfu um greiðslu hinnar úrskurðuðu fúlgu barnsföðursins bæði gegn Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu sem framfærslu-hreppi optnefnds Pjeturs Þorlákssonar og Vatnsleysustrandahreppi. Að því er snertir kröfu Garðahrepps gegn Þorkelshólshreppi, þá er það, eptir þeim skjöl-um, sem fyrir liggja, hvorki viðurkennt nje sannað enn sem komið er, að hinn umræddi Pjetur Þorláksson sje sveitlægur þar. En kröfunni gegn Vatnsleysu-strandahreppi er þannig háttað, að hreppsnefnd Garðahrepps hefir 6. maí 1895 látið birta bæði fyrir Pjetri þessum sjálfum og fyrir hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandahreppi hinn áðurnefnda meðlagsúrskurð amtsins frá 3. apríl 1895, og síðan í brjefi til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu 2. ágúst s. á.,

4. dag febrúarmán. 1897.

- 1 krafizt þess að hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi greiddi fúlguna fyrir árið frá 19. ágúst 1893 til 19. ágúst árið eptir. Svo hefir hreppsnefnd Garðahrepps í brjefi til nýnefnds sýslumanns, dagsettu 11. ágúst f. á., krafizt greiðslu á fúlgunni frá 19. ágúst 1894 til 19. ágúst 1895 af hálfu Vatnsleysustrandarhrepps.

Með því að í hinni umgetnu birtingu 6. maí 1895 á meðlagsúrskurðinum fyrir hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi virðist liggja krafa um greiðslu hinnar áföllnu fúlgu af hálfu þess hrepps, og það er viðurkennt að Pjetur Þorláksson þá hafi átt heima í Vatnsleysustrandarhreppi, þá virðist krafan gegn þessum hreppi um greiðslu fúlgunnar fyrir meðlagsárið 1893–94 rjettmæt, nema sannað verði, að fúlgan hafi verið greidd, eða hluti hennar. Hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi hefir heldur eigi mótmælt þessari kröfu af annari ástæðu en þeirri, að hún sje viss um að Pjetur Þorláksson hafi greitt að minnsta kosti 20 krónur af hinni umtöluðu ársfúlgu, nefsilega 15 krónur á árinu 1893–94 með tveim ávísunum frá Hallgrími Árnasyni í Austurkoti í Höfnum á verzlunarstjóra P. C. Knudtzonsverzlunar í Hafnarfirði og 5 krónur, sem Pjetur hafi lánað í því skyni hjá öðrum manni. Með því að mikið vantaði á að meðlag væri borgað af hálfu barnsföðurins fyrir hin fyrri ár með áðursögðu barni, og hinar umræddu ávísanir, samtals 15 kr., eptir vottorði, sem hingað hefir borizt beina leið, hafa verið út borgaðar af tjeðri verzlun 18. febr. og 17. apríl 1893, geta þær eigi talizt greiddar upp í fúlguna frá 19. ágúst 1893 til 19. ágúst 1894, enda var það heldur eigi gjört að skilyrði við greiðsluna. Áðurnefndar 5 krónur hafa hlutaðeigendur ekki kannazt við að hafa meðtekið. Hreppsnefndinni í Vatnsleysustrandarhreppi hefir þannig eigi tekizt að færa sönnur á, að ársfúlgan fyrir 1893–94 sje að einu eða neinu leyti greidd, og skal úrskurður yðar því standa óraskaður að því er hana (ársfúlguna fyrir tímabilið frá 19. ágúst 1893 til 19. ágúst 1894) snertir.

Ársfúlguna fyrir tímabilið frá 19. ágúst 1894 til 19. ágúst 1895 hefir hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi, eins og áður er sagt, neitað að greiða af þeirri ástæðu, að Pjetur Þorláksson hafi farið þaðan alfarinn vorið 1895 eða áður en sú ársfúlga fjell í gjalddaga. Og hefir hreppsnefndin í því efni upplýst það, að Pjetur þessi hafi það vor farið austur á Austfjörðu og dvalið þar, þangað til hann í marz veturinn eptir (1895–96) hafi komið aptur í Vatnsleysustrandarhrepp og róið þar á vertíðinni þá um veturinn, síðan hafi hann aptur horfið austur um vorið eptir (síðastliðið vor). Þessi skýrsla hreppsnefndarinnar styrkist við vottorð sóknarprestisins í Kálfatjarnarprestakalli, dagsett 20. ágúst f. á., er telur Pjetur burtvikinn úr prestakallinu til Austfjarða vorið 1895, og vottorð Sigurjóns barnakennara Jónssonar í Suðurkoti í umræddum hreppi, dagsett sama dag, um að Pjetur þessi hafi dvalið hjá sjer síðastliðna vetrarvertíð að eins sem sjómaður («útgjörðarmaður») og vikið síðan aptur til Austfjarða. Með því að það þannig eigi virðist geta talizt sannað, að Pjetur Þorláksson hafi verið vistfastur í Vatnsleysustrandarhreppi vistarárið 1895–96 og því síður, að hann hafi átt þar heimili í ágústmánuði síðastliðnum, þá er krafa Garðahrepps á hendur Vatnsleysustrandarhreppi um greiðslu fúlgunnar fyrir tímabilið frá 19. ágúst 1894 til 19. ágúst 1895 kom fram, getur Vatnsleysustrandarhrepp-

ur eigi samkvæmt 3. gr. laga nr. 9 frá 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl., orðið skyldaður til sem vistarhreppur Pjeturs Þorlákssonar að greiða barnsfúlgú þá, sem Pjetri bar að greiða fyrir meðlagsárið 1894—95, og skal hinn áfrýjaði úrskurður yðar því úr gildi felldur að því er þess árs fúlgú snertir.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Arnasonar árið 1896.

2

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1896 B. 2. bls):

a. innritunarskirteini Ltra A fol. 103	kr.	34000 00	
b. lán gegn fasteignarveði	—	10633 34	
c. ógoldnir vextir	—	2 00	
d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	848 59	45483 93
2. Ársvextir:

a. af innritunarskirteini til $\frac{11}{6}$ og $\frac{11}{12}$ '96	kr.	1190 00	
b. af lánum gegn fasteignarveði til $\frac{11}{6}$ '96	—	419 73	
c. af fje í landsbankanum til $\frac{31}{12}$ '96	—	40 28	1650 01
Samtals kr.			47133 94

Útgjöld:

1. Liffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans, til $\frac{11}{6}$ og $\frac{11}{12}$ '96 kr. 400 00
2. Sjóður við árslok.

a. innritunarskirteini Ltra A fol. 103	kr.	34000 00	
b. lán gegn fasteignarveði	—	11975 00	
c. ógoldnir vextir	—	4 00	
d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	754 94	46733 94
Samtals kr.			47133 94

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 8. jan. 1897.

Magnús Stephensen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, er biða tjón af jarðeldum, árið 1896.

3

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1896 B. 2. bls.):

a. innritunarskirteini Ltra A fol. 102	kr.	30100 00	
b. lán gegn fasteignarveði	—	4000 00	
c. ógreiddir vextir	—	20 00	
d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	1189 56	35309 56